



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

## Fundargerð 65. fundar skólanefndar.

**Dagsetning: þriðjudagur 6. maí 2014.**

**Viðstaddir:** Björg Ágústsdóttir (formaður), Jón Eggert Bragason, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Helga Guðmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Helga Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður skólanefndar, Björg Ágústsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

1. **Fundagerðir síðustu funda** verða sendar fundarmönnum í tölvupósti til samþykktar.
2. **Kjarasamningur KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra.** Skólameistari fór yfir þær breytingar sem urðu á skóladagatali vegna verkfalls. Prófdögum var fækkað og útskrift seinkað um einn dag. Áhrif verkfalls á nemendur eru töluverð. Farið yfir útskýringar á nýjum kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra. Hluti af nýjum kjarasamningi er meðal annars nýtt vinnumat sem gæti tekið gildi þann 1. maí 2015 (háð samþykki kennara). Samtals eru nýir kjarasamningar um 29% launahækkun fyrir kennara og skólaárið lengt um fimm daga. Skólarnir eiga von á aukafjárveitingu vegna nýrra kjarasamninga vegna launahækkana. Því til viðbótar mun rekstrargrundvöllur skólanna verða styrktur um 7 % á þessu ári.
3. **Skólasamningur.** Skólameistari og fjármálastjóri fóru á skólasamningsfund í Mennta- og menningarmálaráðuneyti þann 20. mars. Þar var meðal annars farið yfir innra og ytra mat skólastarfsins. Ytra mat á Fjölbrautaskóla Snæfellinga verður á næstunni. Farið var yfir fjármál, rekstraráætlanir fyrir árið 2013 stóðust og var rekstrarafgangur upp á 5 milljónir. Svokallað nemendagólf verður afnumið áramótin 2014-2015. Rekstraráætlun vegna ársins 2014 gerir ráð fyrir að skila rúmum 4 milljónum króna. Gert er ráð fyrir því að Fjölbrautaskóli Snæfellinga muni vera búinn að greiða upp hallann áramótin 2014-2015. Ekki fæst áframhaldandi fjármagn til þess að geta boðið upp á áframhaldandi menntun fanga á Kvíabryggju. Skólameistari og fangelsismálastjóri munu reyna að fá áframhaldandi fjárveitingu til verkefnisins.
4. **Starfsmannamál.** Auglýst hefur verið eftir tveimur raungreinakennurum og einum spænskukennara. Nokkrar umsóknir hafa borist. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til mánudagsins 12. maí vegna mistaka Starfatorgs en ekki tókst að birta auglýsinguna á prentmiðli. Félagsgreinakennari hefur sagt starfi sínu lausu. Enskukennari hefur ákveðið að fara í launalaust leyfi. Auglýst verður eftir nýjum kennurum á næstu dögum. Námsráðgjafi hefur að sama skapi



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

ákveðið að minnka starfshlutfall sitt. Aðstoðarskólameistari mun auka starfshlutfall sitt til þess að mæta minnkandi starfshlutfalli námsráðgjafa.

**5. Kynning á nýjum námsbrautum FSN.** Aðstoðarskólameistari kynnti nýjar námsbrautir við skólann sem hafa verið samþykktar af Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Fjölbrautaskóli Snæfellinga mun bjóða upp á fjórar námsbrautir til stúdentsprófs, félags- og hugvísindabraut, listnámsbraut, raunvísindabraut og framhaldsskólabraut. Frjálst val hefur verið aukið í 35 einingar. Kjarninn inniheldur 110 einingar og er sá sami á öllum brautum. Kjarni stúdentsprófa byggir á þremur hæfniprepum og er fyrsta þrep að mestu kennt í grunnskólum, grunnur fyrir annað þrep. Stúdentspróf við skólann eru 200 einingar og þurfa nemendur að gæta að hlutfalli á milli þrepa.

**6. Afmælisnefnd.** Áheyrnarfulltrúi kennara kennir nú áfanga í fjölmiðlun og er markmiðið að búa til afmælisrit sem fer yfir 10 ára sögu skólans. Auglýsingar hafa verið seldar til að mæta kostnaði við prentun. Óskað hefur verið eftir greinum frá bæjarstjórum og fleirum. Efnid er að mestu komið og unnið er að uppsetningu. Afmælisritið fer væntanlega í prentun í ágúst. Þetta verða líklega um 80-100 blaðsíður. Afmælisnefnd gæti komið að þessum áfanga. Björg Ágústsdóttir mun verða fulltrúi skólanefndar í afmælisnefnd. Haldið verður upp á 10 ára afmæli Fjölbrautaskóla Snæfellinga í lok september 2014.

## 7. Önnur mál

- Uppfærðar reglur um útleigu á húsnæði Fjölbrautaskóla Snæfellinga samþykktar af skólanefnd 6. maí 2014.
- Reykingar á skólalóð Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- Fjáraflanir á vegum nemenda skólans. Formlegra form þarf á fjáraflanir á vegum skólans og nemendafélagsins. Rætt um reglur í þessu samhengi. Fjáraflanir ef til vill háðar samþykki. Fjármálastjóri kannar hjá kollegum hvort eitthvað form er á þessu.

Fundi slitið kl. 18:30.